

REGLUGERÐ KSÍ

um knattspyrnu í 5 manna liðum

1. gr.

Almenn ákvæði

- 1.1. Allir leikir skulu fara fram skv. knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, nema annars sé getið í reglugerð þessari.

2. gr.

Leikvöllurinn

- 2.1. Stærð leikvallar taka mið af neðangreindri töflu, þó er lágmarksstærð ávallt 32m x 18m og hámarksstærð 45m x 32m.

Aldursflokkur	Viðmiðunarstærð	
7. flokkur	32 x 20	Átta vellir komast fyrir á 11-manna velli
6. flokkur	42 x 25	Fjórir vellir komast fyrir á 11-manna velli
5. flokkur	45 x 25	Fjórir vellir komast fyrir á 11-manna velli
4. flokkur og eldri.	45 x 30	Fjórir vellir komast fyrir á 11-manna velli

KSÍ getur heimilað frávik frá þessum stærðarmörkum.

- 2.2. Leikvöllur og merking hans skal vera í samræmi við eftirfarandi lýsingu:
- Vítateigur: Á hvorn enda leikvallar skal merkja tvær línur hornrétt á marklínu 5 m frá hvorri marksúlu og skulu þær ná 6 m inná leikvöllinn. Þær skulu tengjast saman með línu, sem merkt skal samsíða marklínu. Hvort svæðið um sig innan þessara lína og marklínu, nefnist vítateigur. Vítateigur er einnig markteigur.
 - Vallarmiðja: Kross skal markaður miðju vallarins til að marka miðju vallarins.
 - Mörkin: Mörkin skulu sett á miðju hvorrar marklínu. Milli marksúlna skulu vera 5 m (innanmál) og frá jörðu að markslá skulu vera 2 m. Heimilt er að nota minni mörk.
 - Heimilt er að merkja leikvöllinn með keilum ef ekki er öðrum merkingum við komið.

3. gr.

Fjöldi leikmanna

- Hvort lið skal eigi skipað fleiri en 5 leikmönnum og skal einn vera markmaður.
- Skiptimenn skulu eigi vera fleiri en fimm. Skipti á leikmönnum skulu fara fram fyrir miðri hliðarlínu vallarins og mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er því heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn fyrir miðri hliðarlínu án þess að tilkynna dómara um það. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný.
- Lið, sem mætir með færri en 4 leikmenn til leiks, getur ekki hafið leikinn og telst ekki hafa mætt til leiks.
- Ef leikmanni er vikið af leikvelli í 5. flokki eða í enn yngri aldursflokkum getur viðkomandi leikmaður ekki tekið frekari þátt í leiknum en heimilt er að skipta öðrum leikmanni inn á í hans stað. Í eldri aldursflokkum er óheimilt að skipta öðrum leikmanni inn á í stað leikmanns sem vikið hefur verið af leikvelli.

4. gr.
Leikskýrslur

- 4.1. KSÍ skal gefa út sérstök leikskýrslueyðublað fyrir knattspyrnu í 5 manna liðum. Annars vegar eyðublað fyrir nöfn leikmanna sem félagið skilar í mótlok og hins vegar eyðublað þar sem greint er frá úrslitum leikja og heimaliði ber að skila að leik loknum. Mótanefnd setur nánari reglur um skýrslur þessar ef þörf krefur.

5. gr.
Dómgæsla

- 5.1. Aðstoðardómara er ekki krafist í knattspyrnu í 5 manna liðum.

6. gr.
Leiktími

- 6.1. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er getið um leiktíma í einstökum flokkum. Heimilt er að stytta leiktíma í hraðmótum.

7. gr.
Upphafsspyrna

- 7.1. Upphafsspyrna skal tekin á miðju og er heimilt að spyrna í hvaða átt sem er.

8. gr.
Rangstaða

- 8.1. Í knattspyrnu í 5 manna liðum geta leikmenn ekki verið rangstæðir, sbr. 11. grein knattspyrnulaganna.

9. gr.
Leikbrot og óviðeigandi hegðun

- 9.1. Fyrir öll brot í 12. grein knattspyrnulaganna skal refsað með beinni aukaspyrnu með þeim undantekningum að markverði í 6. flokki og yngri aldursflokkum skal heimilt að taka knöttinn upp með höndum eftir sendingu frá samherja.
- 9.2. Þegar leikmaður tekur aukaspyrnu skulu allir mótherjar hans vera í a. m. k. 5 m fjarlægð frá knettinum, þar til hann er kominn í leik. Í aukaspyrnu innan vítateigs í 6. flokki og yngri aldursflokkum má leika knettinum til markvarðar án þess að knötturinn hafi farið út fyrir vítateig.

10. gr.
Vítaspyrna

- 10.1. Vítaspyrnu skal taka á vítateigslínu fyrir miðju marki.

11. gr.
Markspyrna

- 11.1. Í samræmi við 16. gr. knattspyrnulaganna er markspyrna dæmd þegar boltinn fer allur yfir marklínuna, með jörðu eða á lofti, eftir að hafa síðast snert leikmann liðsins sem sækir, og mark er ekki skorað.
- 11.2. Í 5. flokki og yngri aldursflokkum er markmanni/leikmanni heimilt, þegar markspyrna hefur verið dæmd, að koma bolta í leik með því að rekja hann af stað.
- 11.3. Í 6. flokki og yngri aldursflokkum má leika knettinum til markvarðar án þess að knötturinn hafi farið út fyrir vítateig.
- 11.4. Allir mótherjar skulu vera utan vítateigs þar til boltinn er kominn í leik.

12. gr.
Hornspyrna

- 12.1. Hornspyrna er tekin þar sem marklína og hliðarlína skerast.

13. gr.
Innkast/Innsпарк/Knattrak

- 13.1. Í samræmi við 15. gr. knattspyrnulaganna er innkast dæmt mótherjum þess leikmanns sem síðast snertir boltann áður en hann fer allur yfir hliðarlínuna, hvort heldur með jörðu eða á lofti.
- 13.2. Í 5. flokki og yngri aldursflokkum skal taka innsпарк/knattrak í stað innkasts.
 - 13.2.1. *Innsпарк*: Bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með sendingu. Óheimilt er að lyfta bolta hærra en í hnéhæð með innsparki. Óheimilt er að skora beint úr innsparki.
 - 13.2.2. *Knattrak*: Bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með því að rekja boltann af stað frá hliðarlínu.
- 13.3. Í 6. flokki og yngri aldursflokkum má markvörður taka knöttinn upp með höndum eftir innsпарк/knattrak frá samherja.
- 13.4. Allir mótherjar verða að standa a.m.k. 2m frá þeim stað á hliðarlínunni sem taka á innkastið/innsparkið/knattrakið frá.

14.gr.
Gildistaka

- 14.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein.

Samþykkt af stjórn KSÍ 22. apríl 2020